



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 37/2016

Notkun Sveinsbakarís á orðinu „*konditori*“

I.

Erindið

Með bréfi Konditorsambands Íslands, dags. 25. apríl 2016, barst Neytendastofu kvörtun yfir notkun Sveinsbakarís ehf. á orðinu „*konditori*“ í atvinnurekstri félagsins.

Í erindinu er gerð krafa um að Neytendastofa álykti að Sveinsbakarí hafi með notkun á orðinu „*konditori*“ í atvinnurekstri sínum brotið gegn 5., 8., 9., 13., 14. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá er gerð krafa um að stofnunin banni félaginu notkun orðsins auk þess sem lögð verði stjórnvaldssekt á félagið.

Í erindinu segir að Konditorsamband Íslands sé félag sem stofnað hafi verið í mars 2012 með það að markmiði að safna í ein samtök konditorum og fyrirtækjum sem standi að rekstri konditori, auka menntun, verkunnáttu, virðingu og vöruvöndun í greininni. Jafnframt að undirstrika og berjast fyrir sérstöðu hennar sem sjálfstæðri iðngrein.

Konditorsamband Íslands hafi orðið þess áskynja að Sveinsbakarí hafi um nokkurt skeið notað orðið „*konditori*“ í atvinnurekstri sínum, t.d. í vörumerkjum og auglýsingu á facebook síðu, sem félaginu sé óheimilt samkvæmt því sem nánar greini síðar. Með bréfi til Sveinsbakarís, dags. 17. mars 2016, hafi verið vakin athygli á því lagaumhverfi sem þetta varði. Skorað hafi verið á félagið að framvísa leyfi sem það byggir á heimild sína til að nota orðið „*konditori*“ í starfsemi þess. Engin viðbrögð hafi borist frá félaginu.

Samkvæmt reglugerð nr. 940/1999, um löggiltar iðngreinar, sem sett sé á grundvelli iðnaðarlaga nr. 42/1978 sé *konditori* (kökugerð) löggilt iðngrein hér á landi og hafi raunar verið síðan 1927, er fyrstu iðnaðarlög hafi verið sett. Iðnaðarlögum sé ætlað að tryggja það að aðeins þeir sem hafi hlotið tiltekna menntun, þekkingu og reynslu, geti starfað við iðngreinar hérlendis og kennt sig við þær. Með lögnum sé verið að viðhalda ákveðnum gæðakröfum og hvetja til þess að menn sjái sér hag í því að læra viðkomandi iðngreinar og öðlast reynslu á því sviði.



Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. iðnaðarlaga sé óheimilt að reka iðnað í atvinnuskyni nema hafa til þess tilskilin leyfi. Samkvæmt 8. gr. iðnaðarlaga skuli iðngreinar sem reknar séu sem handiðnaður og löggiltar hafi verið í reglugerð, ávallt reknar undir forstöðu meistara, sbr. 10. gr. laganna, en samkvæmt sama ákvæði veiti meistarabréf meistara leyfi til að reka þá iðngrein er meistarabréf hans taki til, en ekki aðrar iðngreinar. Samkvæmt 9. gr. laganna hafi þeir einir rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, er hafi sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni. Segi svo í 5. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna, að það varði sektum ef maður kenni sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr. laganna. Jafnframt segi í 16. gr. að heimil sé að dæma mann, er sekur gerist um ítrekað brot gegn lögunum, til missi iðnaðarleyfis, meistarabréfs og sveinsbréfs, tímabundið eða jafnvel ævilangt, ef um mjög gróf brot sé að ræða.

Ljóst sé með vísan til framangreinds að með notkun Sveinsbakarís á orðinu „*konditori*“ sé brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 en samkvæmt ákvæðinu sé óheimilt að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hafi ekki rétt til er noti, eða reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Sveinsbakarí sé augljóslega að brjóta gegn þessu ákvæði enda sé bæði notað „*verslunarmerki eða því um lík*“ sem félaginu sé óheimilt og reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar.

Þá hafi félagið einnig brotið gegn öðum ákvæðum laganna, svo sem 5., 8., 9., 13. og 14. gr.

Í 5. gr. sé mælt fyrir um að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Ákvæði 8. gr. mæli fyrir um að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Þá segi í 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur eða séu með þeim hæti að neytendum séu veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Jafnframt er vísað til 13. gr. laganna.

Ljóst sé að Sveinsbakarí og fyrirvarsmaður félagsins villi um fyrir neytendum þegar gefið sé til kynna að fyrirvarsmaðurinn hafi iðnréttindi í kökugerð (konditori) en hafi það ekki. Með sömu rökum sé brotið gegn keppinautum með villandi framsetningu og með því að láta í það skína að hann hafi réttindi sem hann hafi ekki. Þannig sé brotið gegn 14. gr. með því að veita rangar, ófullnægjandi og villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti og beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki séu brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vöru og þjónustu sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi viðkomandi.

Samkvæmt framangreindu sé á því byggt að notkun Sveinsbakarís á orðinu „*konditori*“ í starfsemi félagsins brjóti gegn 5., 8., 9., 13., 14. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. og ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978.



Vísi Konditorsamband Íslands í úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 6/2015 frá 11. ágúst 2015. Í úrskurði áfrýjunarnefndar hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að tiltekið bakarí mætti ekki nota orðið „*konditori*“ enda væri það svo nátengt titlinum konditor að með því væri gefið til kynna að við viðkomandi bakarí starfi maður sem fullnægi skilyrðum til að bera umræddan titil og hafi þannig menntað sig sérstaklega í kökugerð, sem væri sérstök iðngrein. Hafi umrætt bakarí því verið talið hafa brotið gegn f. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, sbr. 5. og 8. gr. sömu laga. Með úrskurði áfrýjunarnefndar hafi verið staðfest ákvörðun Neytendastofu að banna umræddu bakarí notkun orðsins „*konditori*“.

Þess sé krafist í málinu að Neytendastofu álykti að brotið sé gegn nefndum ákvæðum; að Neytendastofa banni Sveinsbakarí að nota orðið „*konditori*“ í atvinnustarfsemi sinni, og virði félagið ekki þá ákvörðun innan tilskilins frests, að það verði beitt stjórnvaldssektum.

II. Málsmeðferð

Erindi Konditorsambands Íslands var sent Sveinsbakarí til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. apríl 2016.

Ekkert svar barst.

Með bréfi Neytendastofu til Sveinsbakarís, dags. 19. maí 2016, var ósk um skýringar eða athugasemdir félagsins við erindið ítrekuð. Í bréfinu kom fram að bærust stofnuninni ekki skýringar eða athugasemdir innan tilskilins frests mætti búast við að tekin yrði ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Ekkert svar barst Neytendastofu.

III. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Konditorsambands Íslands yfir notkun Sveinsbakarí ehf. á orðinu „*konditori*“ í atvinnurekstri sínum. Fyrirsvarsmaður bakarísins hafi ekki lokið prófi í kökugerð og njóti ekki réttina til notkunar orðsins skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978. Því brjóti notkunin gegn banni 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk þess sem hún sé villandi gagnvart neytendum og brjóti gegn ákvæðum 5., 8., 9., 13. og 14. gr. sömu laga.

Engar skýringar hafa borist frá Sveinsbakarí



2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laga nr. 57/2005 er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. liðum málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í f. lið greinarinnar segir að ekki megi veita rangar upplýsingar um réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi.

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Í 2. mgr. 13. gr. kemur fram að 1. mgr. gildi um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafli tekur til. Ákvæðið tekur því aðeins til annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru



brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Upplýsingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar um stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Í erindi Konditorsambands Íslands er byggt á því að Sveinsbakarí hafi ekki rétt til að nota orðið „konditori“ og því sé um að ræða brot gegn ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Eins og glögglega kemur fram í lögskýringargögnum með ákvæðinu felur það eingöngu í sér vernd auðkenna. Þannig hafa neytendayfirvöld beitt ákvæðinu þegar til álita kemur hvort fyrirtæki hafi með notkun auðkenna brotið gegn keppinautum og auðkenni sem keppinautur á þannig að villast megi á keppinautum. Ákvæðið felur ekki í sér bann við notkun lögverndaðra starfsheita samkvæmt iðnaðarlögum. Því kemur ekki til álita hvort Sveinsbakarí hafi brotið gegn ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Kökugerð er löggilt iðngrein samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 940/1999, um löggiltar iðngreinar, sem hefur verið með heimild í 1. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978. Samkvæmt 9. gr. iðnaðarlaga hafa þeir einir rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni.



Af hálfu Sveinsbakarís hefur athugasemdum Konditorsambands Íslands ekki verið svarað og þar með ekki lögð fram gögn eða rök fyrir notkun orðsins „*konditori*“. Samkvæmt lögum nr. 57/2005 hvílir á fyrirtækjum að sýna fram á réttmæti fullyrðinga sinna og hefur slíkt ekki verið gert í þessu máli þrátt fyrir rökstuddar athugasemdir Konditorsambands Íslands. Með erindi Konditorsambands Íslands fylgdi jafnframt ljósmynd af verslun Sveinsbakarís, að Skipholti 50b, Reykjavík, sem sýnir fram á notkun orðsins í merkingu utan á versluninni.

Samkvæmt íslenskri orðabók Menningarsjóðs er konditor samheiti yfir kökugerðarmann. Þá er konditor vel þekkt erlent heiti yfir kökugerð, sem iðngrein. Að ofangreindu virtu telur Neytendastofa að notkun á heitinu „*konditori*“ í markaðssetningu gefi með augljósum hætti til kynna að sá sem einkenni sig með heitinu hafi tilskilin réttindi til notkunar þess.

Með notkun orðsins „*konditori*“ í atvinnustarfsemi sinni hefur Sveinsbakarí, með vísan til framangreinds, veitt neytendum villandi upplýsingar um réttindi og hæfni félagsins, sbr. f. liður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Í þessu felst jafnframt að brotið sé gegn góðum viðskiptaháttum gagnvart neytendum, sbr. 8. gr. sömu laga. Þá telur Neytendastofa háttsemina villandi gagnvart keppinautum og til þess fallna að hafa áhrif á eftirspurn og því um að ræða brot gegn 14. gr. laga nr. 57/2005. Þá er jafnframt um að ræða brot gegn 5. gr. laganna.

Neytendastofa telur ekki tilefni til álagningar sekta að svo stöddu en verði ekki farið að ákvörðun stofnunarinnar innan tilskilins frests má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX kafla laga nr. 57/2005.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Sveinsbakarí ehf., Arnarbakka 4-6, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með notkun orðsins „*konditori*“ í atvinnustarfsemi sinni.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Sveinsbakarí ehf. bönnuð notkun orðsins þar til félagið hefur fengið fullnægjandi leyfi frá þar til bærum yfirvöldum. Bannið tekur gildi að liðnum fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 24. ágúst 2016

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir